

Alþingi

Erindi nr. P 121 / 1147

Konudagur 19 / 3 1997

KIRKJUEIGNANEFND ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Borg á Mýrum 13. mars 1997

Allsherjarnefnd Alþingis
Sólveig Pétursdóttir, formaður
Alþingi 150, Reykjavík

Borist hefur erindi frá Allsherjarnefnd, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og frumvarp til laga um biskupskosningu.


Kirkjueignanefndin lýsir stuðningi við nefnd frumvörp, eins og þau voru afgreidd á auka-kirkjuþingi í janúar síðastliðnum.

Varðandi þær greinar frumvarpsins um stöðu, stjórn og starfshætti er taka til launagreiðslna starfsmanna kirkjunnar og kirkjujarðir, vill nefndin vísa til þess samkomulags sem þar liggur að baki og var gert af viðræðunefndum ríkis og kirkju um kirkjueignir og undirritað þann 10. janúar síðastliðinn. Samkomulagið felur í sér fullnaðaruppgjör varðandi þann höfuðstól kirkjujarða er ríkið tók við árið 1907. Það er skilningur kirkjueignanefndarinnar, að afhending kirkjujarðanna og mótsvarandi skuldbinding ríkisins varðandi launagreiðslur sé gjörningur er standa eigi um ókomna framtíð. Kirkjujarðirnar verða þannig hér eftir sem hingað til trygging fyrir prestlaunum. Í þessu sambandi má vísa til greinargerðar þeirrar er kirkjueignanefndin samdi og var lögð fram á kirkjuþinginu í janúar.

Rétt er að fram komi, að þar sem talað er um launagreiðslur í samkomulagi þessu er átt við laun, embættiskostnað, aksturskostnað og launatengd gjöld og lífeyrisgreiðslur.

Nú er það svo, að í frumvarpinu eru ákvæði um ráðningu presta sem eru nokkuð frábrugðin þeirri meginreglu er sett var með starfsmannalögum á síðastliðnu ári. Þetta fyrirkomulag má rökstyðja með því, að sérskipan gildi um presta, sem eru embættismenn kirkjunnar. Launagreiðslur til þeirra koma um ríkissjóð sem á móti mun eignast kirkjujarðirnar. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að sérskipan gildi um ráðningu og starfskjör presta. Að auki má svo rökstyðja þetta fyrirkomulag með vísan til sérstöðu preststarfsins og hversu ómögulegt það er að prestar sæti því, að vera ráðnir til fimm ára í senn.

F.h. kirkjueignanefndar


Þorbjörn Hlynur Árnason, formaður